

## Málþroskaröskun (DLD) og ADHD

Börn og ungmenni með frávik í málþroska (DLD) sýna oft sömu einkenni og börn með athyglis- og einbeitingarerfiðleika. Þessi einkenni geta haft áhrif á allt nám og hegðun en eru tilkomin vegna skertrar málfærni og uppfylla þar af leiðandi ekki greiningarskilmerki fyrir ADHD.

---

Einkenni DLD sem líkjast ADHD geta verið:

- |   |   |  |
|---|---|--|
| - Erfiðleikar með að fylgja fyrirmælum og endurtaka það sem sagt var.   | - | - Erfiðleikar í samskiptum og skert félagsfærni. |
| - Erfiðleikar með að svara spurningum.                                  | - | - Truflast auðveldlega.                          |
| - Slök hlustun og virðast utan við sig.                                 | - | - Einfaldur orðaforði.                           |
| - Slakur skilningur.  | - | - Samhengislaus og ruglingsleg frásögn.          |
| - Vera úti á þekju í umræðum.   | - | - Mikið af hikorðum í samræðum.                  |
| - Þreytast fljótt og stutt úthald í aðstæðum sem reyna á mállega færni. | - | - Langar þagnir áður en svarað er.               |
|   |   | - Skipt um umræðuefni á óviðeigandi hátt.        |

---

Gagnleg ráð sem gagnast börnum og ungmennum með DLD og/eða ADHD

- Ávallt að ná athygli barnsins áður en því er gefið fyrirmæli  
Með því að segja nafn barnsins, ná augnsambandi, setja sig í þeirra hæð eða snerta handlegg þess blíðlega hjálparðu barninu að beina athyglinni að þér og fyrirmælunum.
- Draga úr truflunum líkt og auðið er  
Til að draga úr áreiti heima er gott að gæta þess að það sé slökkt á sjónvarpinu og öðrum tækjum á meðan rætt er við barnið. Til að draga úr áreiti í kennslustofunni er hægt að gæta þess að námsumhverfi barnsins sé snyrtilegt, vel skipulagt og að barnið sitji framarlega nálægt kennaranum.
- Gefið einföld fyrirmæli og leiðbeiningar  
Gætið þess að fyrirmæli séu eingöngu eins til tveggja þrepa. Börn með frávik í málþroska og/eða ADHD eru oft með veikleika í vinnsluminni sem gerir þeim erfiðara fyrir að halda upplýsingum í huga sér og vinna með þær. Að endurtaka, umorða og búta upplýsingar niður styður við barnið og hjálpar því að ná árangri.
- Leiðið barnið að viðfangsefninu á jákvæðan hátt  
Þegar barnið ráfar af rétttri leið, minnið það blíðlega á að halda sig við gefið efni. Bendið barninu á hvað það er búið að gera, hrósið því og hvetjið það til að halda áfram með það sem er eftir.
- Notið sjónrænt skipulagt eins oft og mögulegt er  
Veitið sjónrænan stuðning bæði heima og í skóla. Stuðningurinn getur verið í formi gátlista yfir þau atriði sem þarf að klára á hverjum morgni fyrir skóla, að undirstrika dæmi í stærðfræði, búta lengri texta niður í smærri einingar, nota hugarkort til að veita heildarsýn á myndrænan hátt eða útbúa stundaskrá sem veitir yfirsýn yfir allan daginn frá því að barnið vaknar þangað til það fer að sofa.

Nýtið styrkleika barnsins í allri vinnu, vinnið út frá áhugasviði, hvetjið það áfram og hrósið óspart.